

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 11/1996.

Arnar Grétar Pálsson

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Tálknaðarhreppi

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Vinnusamningur. Biðlaun. Sveitarstjórnarmál. Endurkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1996. Varðandi kröfur stefnda í aðalsök í héraði krefst áfrýjandi sýknu af kröfulið um greiðslu á 122.931 krónu, en skuldajafnaðar á kröfulið stefnda, að fjárhæð 180.030 krónur, við kröfu, sem áfrýjandi gerði í gagnsök í héraði. Þá krefst áfrýjandi þess, að krafa sín í gagnsök í héraði verði tekin til greina, en hún var um greiðslu úr hendi stefnda á 1.049.042 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1991 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti bar áfrýjandi meðal annars fyrir sig fyrningu á kröfum stefnda að því leyti, sem þær eiga rætur að rekja til tímabilsins fyrir 1. apríl 1989, en stefna í aðalsök í héraði var birt réttum fjórum árum síðar. Málsástæðu þessari, er stefndi mótmælti sem of seint fram kominni, hefur ekki fyrr verið haldið fram í málinu. Er því ekki fullnægt skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, til að byggja á þessari málsástæðu við úrlausn málsins.

Samkvæmt fram lögðum gögnum hafði áfrýjandi í starfi sem sveitarstjóri hjá stefnda meðal annars með höndum útreikning eigin launa auk þess að færa bókhald stefnda. Áfrýjandi hefur ekki hnekkst sundurliðuðum útreikningi stefnda á launum, sem hann telur áfrýjanda hafa fengið ofgreidd um 122.931 krónu á tímabilinu frá ársbyrjun 1989 til starfsloka sumarið 1990. Vegna stöðu sinnar hjá

stefnda stoðar áfrýjanda hvorki að bera fyrir sig almennar reglur um takmarkanir á heimild vinnuveitanda til að endurkrefja launþega um ofgreidd laun né að stefnda hefðu mátt verða ljós mistök í launaútreikningi við endurskoðun reikninga. Með þessum athugasemdum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans að öðru leyti en um vexti, en samkvæmt 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 verður áfrýjandi dæmdur til að greiða dráttarvexti frá 30. janúar 1993, þegar mánuður var liðinn, frá því að stefndi krafði hann sannanlega fyrst um greiðslu.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Arnar Grétar Pálsson, greiði stefnda, Tálknafjarðarhreppi, 302.961 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. janúar 1993 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 125.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 19. október 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 19. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-54/1993: Tálknafjarðarhreppur gegn Arnari Grétari Pálssyni og gagnsök.

Fulltrúi héraðsdómara kvað upp efnisdóm í sama máli 25. apríl 1994. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands með stefnu 24. maí s. á. Með dómi réttarins, upp kveðnum 8. júní 1995, í málinu nr. 240/1994 var hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Var málið síðan tekið til dóms að nýju 22. september sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Kröfugerð aðila.

Málið höfðaði Tálknafjarðarhreppur, kt. 640269-6779, Strandgötu 44, Tálknafirði, 1. apríl 1993 á hendur Arnari Grétari Pálssyni, kt. 211054-7519, Strandgötu 39, Tálknafirði, til endurgreiðslu oftekinna launa, að fjárhæð 122.931 kr., á tímabilinu frá 1. janúar 1989 til 8. september 1990, er hann

var sveitarstjóri hjá stefnanda, svo og til greiðslu leiðréttingarfjárhæðar, 180.030 króna, vegna rangs afdráttar af launum hans fyrir sama tímabil vegna 4% iðgjaldshluta til lífeyrissjóðs. Af stefnufjárhæðinni, 302.961 krónu, er krafist dráttarvaxta [...]. Loks er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær í aðalsök, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda um endurgreiðslu oftekinna launa, en kröfu vegna lífeyrissjóðsiðgjalda verði skuldafafnað við gagnkröfu hans um skaðabætur vegna ólögmatrar uppsagnar úr starfi, er nemi að höfuðstól 1.049.042 krónum. Þá komi sömuleiðis til skuldafafnaðar gagnvart kröfunni um oftekin laun, verði ekki fallist á sýknu af þeim kröfulið. Dráttarvaxtakröfum aðalstefnanda er mótmælt sérstaklega og þess krafist, að þær verði felldar niður. Loks krefst gagnstefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Gagnsök var höfðuð 13. maí 1993 og sameinuð aðalsök. Þar krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu fyrrnefndra skaðabóta, er samsvari áætluðum launum, sem gagnstefnandi hefði haft í starfi sveitarstjóra hjá gagnstefnda fyrir mánuðina ágúst til og með nóvember 1990, auk dráttarvaxta frá 1. 1. 1991 til greiðsludags, en áfallnir vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. 1. 1992. Jafnframt verði gagnstefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins auk virðisaukaskatts. Þá er þess og krafist, að dómkröfur í gagnsök gangi til skuldafafnaðar við kröfur í aðalsök, að svo miklu leyti sem til þarf og efni standa til, og að sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um afganginn, en til vara, að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur um alla dómkröfuna í gagnsök.

Gagnstefndi krefst sýknu og greiðslu málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir.

I.

Hinn 30. september 1988 lét Brynjólfur Gíslason af störfum sveitarstjóra hjá Tálknafjarðarhreppi, aðalstefnandi í þessu máli. Í hans stað var ráðinn Arnar Grétar Pálsson, gagnstefnandi í málinu, og tók hann við hinu nýja starfi 1. október s. á. Meðal sveitarstjórnar (hreppsnefndar) var einhugur um ráðningu gagnstefnanda, en hana skipuðu Guðjón Indriðason, sem jafnframt var oddviti, Jón Bjarnason varaoddviti og Sigrún Helga Guðlaugsdóttir, öll frá Sjálfstæðisflokki, og þeir Heiðar Ingi Jóhannsson og Ævar Jónasson af lista óháðra, sem þá var í minni hluta. Oddvita var af hálfu aðalstefnanda falið að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi við gagnstefnanda, en við gerð hans höfðu samningsaðilar meðal annars hliðsjón af

ráðningarsamningi frá 1986, sem gerður hafði verið við bæjarstjóra á Selfossi. Af hálfu oddvita og gagnstefnanda er ágreiningslaust, að nefndur samningur (dómskjal nr. 3) hafi verið skjalfestur og undirritaður 28. september 1988. Fyrsta grein samningsins hljóðar svo:

„Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps ræður Arnar G. Pálsson í starf sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps frá og með 1. október nk. að telja og til loka kjörtímabils núverandi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, þ. e. til þess tíma, er nýkjörin sveitarstjórn kemur saman til fyrsta fundar að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 1990. Verði Arnar ekki endurráðinn að loknu kjörtímabili, skal sveitarsjóður greiða honum full sex mánaða laun, sbr. 3. gr. og 4. gr. samnings þessa, og þar af gegni sveitarstjóri störfum í þrjá mánuði, verði þess óskað.“

Í tilvitnuðum samningsákvæðum (3. og 4. gr.) er nánar kveðið á um réttindi og skyldur aðila, þar á meðal launakjör gagnstefnanda. Grunnlaun voru ákvörðuð samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna, launaflokki 247-3×2,3, og skyldu greidd fyrir fram hinn fyrsta hvers mánaðar. Einnig bæri gagnstefnanda 40 stunda ómæld yfirvinna í mánuði hverjum, er reiknast sem 1,0385% af grunnlaunum. Þá skyldi hann fá greidda sérstaka þóknun fyrir að sitja fundi sveitarstjórnar og nefnda á vegum sveitarfélagsins, greiðslur fyrir akstur í þágu starfsins og fleira, sem ekki þykir þörf að rekja samhengis málsins vegna. Í niðurlagi 4. gr. samningsins segir síðan:

„Sveitarstjóri njóti lífeyrisréttinda skv. ákvörðun Lífeyrissjóðs verslunarmanna og orlofsréttinda með sama hætti og opinberir starfsmenn.“

Með samkomulagi oddvita og gagnstefnanda var sú breyting gerð á launalið ráðningarsamningsins, áður en hann kom til framkvæmda, að í stað fullra launa fyrstu þrjá mánuði starfstímans skyldi gagnstefnandi fá greidd 180.000 króna föst mánaðarlaun. Skyldi þannig litið á umrætt tímabil sem nokkurs konar reynslutíma af hálfu beggja samningsaðila. Gagnstefnandi reiknaði sér því laun samkvæmt þessu frá 1. október til 31. desember 1988, en upp frá því á grundvelli nefnds ráðningarsamnings. Er ágreiningslaust, að hann bar ábyrgð á og hafði umsjón með útreikningi og greiðslu launanna, enda prókúruhafi sveitarsjóðs.

II.

Gagnstefnandi hefur játað rétt fyrir dómi, að meðan hann gegndi starfi sveitarstjóra, hafi láðst að draga af launum sínum 4% iðgjald vegna eigin framlags í Lífeyrissjóð verslunarmanna, sem hann kaus að eiga aðild að. Er sömuleiðis ómótmælt, að aðalstefnandi hafi þrátt fyrir það staðið skil á þeim iðgjaldshluta til nefnds lífeyrissjóðs með greiðslu á 180.030 krónum í samræmi við fram lagt yfirlit á dómskjali nr. 35. Þá hefur gagnstefnandi

einnig játað rétt fyrir dómi, að hann hafi ofreiknað laun sín, meðan hann starfaði hjá aðalstefnanda, um fjárhæð, sem að höfuðstól nemi 122.931 krónu, sbr. áðurnefnt yfirlit og fram lagða útreikninga aðalstefnanda á dómskjöllum nr. 34 og 49. Slíkt hafi þó stafað af misskilningi og gagnstefnandi verið í góðri trú um réttmæti launagreiðslanna, allt þar til aðalstefnandi gerði fyrst reka að kröfum sínum í málinu.

III.

Gagnstefnanda er í málinu borin á brýn bókhaldsóreiða svo alvarleg að mati sveitarstjórnarfulltrúanna Jóns Bjarnasonar og Sigrúnar Helgu Guðlaugsdóttur, að réttlætt hefði skilyrðislaus brottvikningu úr starfi sveitarstjóra um miðjan desember 1989. Oddviti Sjálfstæðisflokksins, Guðjón Indriðason, og fulltrúar minni hlutans, Heiðar Ingi Jóhannsson og Ævar Jónasson, voru þó á öðru máli og vildu veita gagnstefnanda stuttan frest til að skýra sína hlið málsins og skila af sér umbeðnum bókhaldsgögnum. Var því heitt í kolunum á fundi sveitarstjórnar, sem haldinn var 31. desember s. á., og útlit fyrir, að meirihlutasamstarf sjálfstæðismanna væri senn á enda.

Löggiltur endurskoðandi aðalstefnanda sætti gagnrýni af hálfu oddvita vegna starfa sinna að bókhaldsmálum sveitarfélagsins. Með stuðningi Heiðars og Ævars var síðan samþykkt að leysa endurskoðandann frá störfum. Í mótmælaskyni sagði Jón af sér stöðu varaoddvita. Jafnframt lýstu hann og Sigrún yfir vantrausti á störf gagnstefnanda, en tillaga þeirra um uppsögn á ráðningarsamningi hans var felld. Var eftir það gert óformlegt hlé á fundi sveitarstjórnar, á meðan oddviti, Heiðar og Ævar fóru til hliðarviðræðna við gagnstefnanda, sem vikið hafði verið af fundinum nokkru áður og beið átekta inni á skrifstofu sinni. Að þeim viðræðum loknum lagði oddviti fram formlega tillögu um breytingu á viðkomandi samningi, sem bókuð var með svofelldum hætti í fundargerðabók:

„Í 1. gr. ráðningarsamnings verði samningnum breytt þannig, að 6 mán. verði breytt í 3 mán. og 3 mán. verði að 1½ mán.“

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með atkvæðum oddvita, Heiðars og Ævars, en Jón og Sigrún sátu hjá. Oddviti ákvað síðan að fresta kjöri nýs varaoddvita og sleit við svo búið fundi. Undir fundargerðina, sem lögð hefur verið fram í málinu (dómskjal nr. 47), rituðu nöfn sín hinir kjörnu fulltrúar, gagnstefnandi og fundarritari. Er nú deilt um það, hvort samþykkt greindrar tillögu hafi falið í sér skerðingu á biðlaunaákvæði 1. gr. ráðningarsamningsins, sem bundið hefði samningsaðila. Vísar gagnstefnandi því á bug og segir nafnritun sína undir viðkomandi fundargerð þar engu máli skipta. Fundargerðin hafi hvorki verið lesin upp fyrir sér né kynnt með öðrum hætti, áður en hann undirritaði hana, en með nafnritun

sinni hefði hann einkum staðfest veru sína á staðnum sem starfsmaður sveitarstjórnar og þannig tryggt sér rétt til samningsbundinnar þóknunar fyrir fundarsetu á vegum aðalstefnanda. Um hliðarviðræðurnar, sem sannanlega fóru fram, segir gagnstefnandi, að hann hafi litið á þær sem óformlegar „könnunarviðræður“. Oddviti hafi verið í öngum sínum út af Jóni og Sigrúnu og því fært í tal við gagnstefnanda, hvort hann væri reiðubúinn að gefa eftir af sex mánaða biðlaunagreiðslum samkvæmt ráðningarsamningi, ef það mætti verða til þess að friða sveitarstjórnarmennina tvo. Ekki hafi verið minnst á að víkja honum úr starfi, en oddviti hafi sjálfur sagst ekki mátt til þess hugsa að þurfa að finna nýjan sveitarstjóra, þegar svo skammt væri til sveitarstjórnarkosninga. Gagnstefnandi kveðst hafa verið tregur til að breyta samningnum, en þó fallist á að kanna þau mál með opnum hug, eftir að sveitarstjórnarmennirnir hafi gefið í skyn, að honum yrðu tryggð óbreytt launakjör eftir öðrum leiðum. Hafi einnig verið um það rætt, að útbúinn yrði nýr ráðningarsamningur eftir sveitarstjórnarfundinn, sem skerti í engu kjör hans hjá aðalstefnanda. Gagnstefnandi vísar gagnrýni einstakra sveitarstjórnarmanna vegna bókhaldsóreiðu heim til föðurhúsanna og segir hana hafa verið mikla, er hann tók við starfi sveitarstjóra. Sökum þess hafi áætlanagerð og annað, er laut að fjárreiðum sveitarfélagsins, dregist úr hömlu, en á því hafi gagnstefnandi verið búinn að ráð bót um áramótin 1989–'90.

Guðjón Indriðason hefur borið fyrir dómi, að hann hafi á svonefndum hliðarfundi lagt fyrir gagnstefnanda umrædda breytingartillögu, en vegna almennrar óánægju með störf hans sem sveitarstjóra hafi ekki lengur þótt eðlilegt að binda nýja sveitarstjórn með svo löngum biðlaunasamningi. Gagnstefnandi hafi fallist á tillöguna án nokkurra fyrirvara eða skilyrða af sinni hálfu og hún síðan verið færð til bókar á sveitarstjórnarfundinum, þar sem gagnstefnandi hafi undirritað fundargerð athugasemdalaust. Oddviti kvað vel geta verið, að rætt hefði verið um gerð nýs ráðningarsamnings eftir samþykkt fundarins, en kannaðist ekki við að hafa boðið gagnstefnanda neinar kjarabætur í slíkum samningi.

Heiðar Ingi Jóhannsson hefur borið, að gagnstefnandi hafi sjálfur sett fram breytingartillöguna sem málamiðlun á hliðarfundinum, svo að honum yrði ekki „sparkað á staðnum“. Oddviti hafi síðan borið tillöguna upp til samþykktar í fundarsal. Heiðar minnst þess ekki, að gagnstefnandi hafi sett fram nokkur skilyrði af sinni hálfu.

Jón Bjarnason hefur borið fyrir dómi, að umrædd breytingartillaga hafi verið komin frá sér og Sigrúnu Helgu Guðlaugsdóttur, en þau hafi síðan ekkert haft meira um það mál að segja og því setið hjá við atkvæðagreiðslu

um tillöguna. Hvorugt þeirra minnst þess að hafa heyrt gagnstefnanda samþykkja breytingartillöguna á sveitarstjórnarfundinum. Þá hefur Sigrún borið, að hún hafi ekki vitað, í hvaða tilgangi þrír sveitarstjórnarmanna viku af fundi til hliðarviðræðna við gagnstefnanda.

Helga Jónsdóttir var ritari á nefndum sveitarstjórnarfundi, en á greindum tíma var hún einnig varamaður í sveitarstjórn aðalstefnanda. Helga hefur borið fyrir dómi, að þegar umrædd tillaga var borin upp, hafi hún tvívegis innt fundarmenn eftir því, hvort tillagan teldist samþykkt. Meðmælendur hafi svarað því játandi og sömuleiðis gagnstefnandi. Helga bar, að hún hefði hvorki lesið breytingartillöguna né fundargerðina í heild sinni fyrir gagnstefnanda, áður en fengin var afstaða hans til hennar, enda búið að ræða tillöguna á fundinum og ráðgert, að útbúinn yrði nýr ráðningarsamningur í samræmi við hana. Taldi Helga því ekki þörf á að bóka sérstaklega um samþykki gagnstefnanda.

Steindór Ögmundsson var áheyrnarfulltrúi á nefndum sveitarstjórnarfundi. Hann var sjálfur kjörinn í sveitarstjórn hjá aðalstefnanda í kosningunum vorið 1990 og á þar sæti enn. Steindór hefur borið fyrir dómi, að hann hafi setið afsíðis og því ekki séð, hvað fram fór á fundinum. Hann hefði hins vegar heyrt, er oddviti innti gagnstefnanda eftir því, hvort ekki væri rétt með farið, að uppsagnarfrestur hans hefði verið stytur. Gagnstefnandi hefði kveðið svo vera.

IV.

Á fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar 5. júní 1990 var ákveðið að auglýsa starf sveitarstjóra hjá aðalstefnanda laust til umsóknar. Gagnstefnanda var tilkynnt um ákvörðun þessa með bréfi, dagsettu 8. s. m. (dómskjal nr. 33), en þar var þess jafnframt farið á leit við hann, „að farið verði eftir núgildandi ráðningarsamningi ...“ og að gagnstefnandi gegndi starfi sveitarstjóra til 24. júlí 1990. Gagnstefnandi lét af störfum þann dag. Daginn eftir tók Brynjólfur Gíslason við starfi sveitarstjóra að nýju.

V.

Brynjólfur Gíslason hefur borið fyrir dómi, að athugasemdir hafi fyrst verið gerðar við launauppgjör gagnstefnanda í bréfi, sem honum hafi verið ritað haustið 1990. Er ómótmælt, að því bréfi hafi verið svarað af Erni Clausen, þáverandi lögmanni gagnstefnanda. Málsaðilar töldu sig því fljótlega eftir eiginleg starfslok gagnstefnanda eiga kröfu hvor á hinn, aðalstefnandi vegna oftekinna launa, en gagnstefnandi vegna ógreiddra launa, sem numið hafi u. þ. b. einni milljón króna. Sættir voru reyndar fyrir meðalögöngu lögmannna í ágúst 1991, en síðan liðu u. þ. b. sextán mánuðir, þar til gagnstefnandi var fyrst formlega krafinn um þær fjárhæðir, sem stefnt er út

af í aðalsök, með áföllnum dráttarvöxtum (dómskjal nr. 37). Með bréfi lögmanns gagnstefnanda (dómskjal nr. 39) var kröfugerð aðalstefnanda mótmælt og hann formlega krafinn um vangreidd laun, að fjárhæð tæplega 900.000 krónur. Urðu síðan enn frekari bréfaskipti milli aðila og lögmanna þeirra, áður en til málaferlanna kom.

Málsástæður og lagarök aðalstefnanda.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því, að gagnstefnandi hafi sem framkvæmdastjóri aðalstefnanda borið ábyrgð á daglegri stjórn sveitarfélagsins. Þá hafi hann verið prókúruhafi sveitarsjóðs og æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Gagnstefnandi hafi því a. m. k. haft umsjón með eigin launagreiðslum og borið ábyrgð á, að laun og launatengd gjöld væru rétt reiknuð. Misbrestur hafi orðið á því (sbr. II. kafla málavaxtalýsingar). Gagnstefnandi hafi þannig tekið sér meira fé en honum bar samkvæmt ráðningarsamningi og beri því ótvíræð skylda til endurgreiðslu þess fjár, enda verði aðstöðu hans ekki jafnað til stöðu almenns launþega, sem fái ofgreitt vegna mistaka í launaútreikningi atvinnurekanda. Þá geti gagnstefnandi í ljósi fyrri ábyrgðarstöðu ekki borið fyrir sig vangá eða vankunnáttu um frádrátt lífeyrissjóðs-iðgjalda. Því síður geti hann skýlt sér bak við það, að eftirlit með störfum hans hafi verið ófullnægjandi af hálfu sveitarstjórnarmanna og endurskoðenda á vegum aðalstefnanda.

Um frekari lagarök vísar aðalstefnandi til reglna íslensks réttar um endurheimtu oftekins fjár, 2. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 og reglugerðar Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti styður aðalstefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, en málskostnaðarkröfum til stuðnings vísar hann til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sýknukröfu í gagnsök reisir aðalstefnandi á því, að á fundi sveitarstjórnar 31. desember 1989 hafi tekist bindandi samkomulag með þremur fulltrúum sveitarstjórnar annars vegar og gagnstefnanda hins vegar um breytingu á biðlaunaákvæði 1. gr. margumrædds ráðningarsamnings, þannig, að í stað sex mánaða biðlauna og þriggja mánaða vinnuskyldu kæmu laun í þrjá mánuði, en vinnuskylda styttest um helming. Gagnstefnandi hefði séð sér þann kost vænstan að fallast á umrædda skerðingu á starfskjörum, ef hann vildi halda starfi sínu hjá aðalstefnanda, en megn óánægja hafi verið innan sveitarstjórnar vegna bókhaldsóreidu gagnstefnanda. Breytingin hafi síðan verið staðfest með bókun í fundargerð, sem gagnstefnandi hafi undirritað athugasemdalaust í fundarlok og án nokkurs fyrirvara af sinni hálfu. Sönnunarbyrði um hið gagnstæða hvíli algerlega á gagnstefnanda, enda styðji

framburður aðila og annarra, sem komið hafi fyrir dóm vegna málsins, skilning aðalstefnanda, sem einnig bendir á, að farið hafi verið eftir samningnum svo breyttum við starfslok gagnstefnanda 24. júlí 1990, án þess að nokkrar athugasemdir væru þá gerðar af hans hálfu. Starfslok gagnstefnanda hafi því verið með umsömdum hætti og í samræmi við gildandi ráðningarsamning. Bótaskylda komi því ekki til greina vegna ólögmætrar uppsagnar, eins og haldið sé fram af hálfu gagnstefnanda. Þá bendir aðalstefnandi á, að gagnstefnandi hafi sjálfur verið búinn að greiða sér full laun og meira til fyrir tímabilið frá 8. júní til 8. september 1990, áður en hann lét af störfum sveitarstjóra, eins og glöggst megi ráða af fram lögðum launaseðlum (dómskjöl nr. 16–17) og fyrrgreindum dómskjölum nr. 34–35.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda.

Af hálfu gagnstefnanda sé viðurkenndur sá hluti kröfu aðalstefnanda, er lýtur að vangreiddum lífeyrissjóðsiðgjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 1989 til 8. september 1990. Þar sem skilyrðum 28. gr. einkamála sé hins vegar fullnægt, beri að skuldajafna þeirri kröfu við skaðabótakröfu gagnstefnanda í gagnsök. Þá sé ekki tölulegur ágreiningur um þann hluta stefnukröfu í aðalsök, sem varði oftekin laun gagnstefnanda fyrir sama tímabil. Engu að síður sé krafist sýknu af endurkröfu aðalstefnanda á grundvelli tómlætis, þar sem sú krafa sé allt of seint fram komin (sbr. dómskjal nr. 37, sem getið er í V. kafla málavaxtalýsingar). Þannig hafi engar formlegar athugasemdir verið gerðar við launaútreikning gagnstefnanda og launaseðla fyrr en í árslok 1992, en í því felist viðurkenning aðalstefnanda í verki á öllum launagreiðslum til gagnstefnanda, meðan hann gegndi starfi sveitarstjóra. Aðalstefnandi hafi því fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi endurkröfu á hendur honum. Tillit til uppgjörssjónarmiða og framfærslusjónarmiða á sviði vinnuréttar styðji þá niðurstöðu. Verði ekki fallist á sýknukröfu gagnstefnanda að þessu leyti, telur hann öll lagaskilyrði fyrir því, að kröfunni verði skuldajafnað við eigin skaðabótakröfu í gagnsök. Vaxtakröfum aðalstefnanda er mótmælt sérstaklega með vísan til III. kafla vaxtalaga, en sökum óljósrar kröfugerðar, sem ekki hafi skýrst fyrr en undir rekstri málsins, hafi gagnstefnanda verið ómögulegt að átta sig á, hvernig kröfur aðalstefnanda væru til komnar. Því beri að fella dráttarvexti niður af kröfum í aðalsök, en ellegar miða upphafsdag þeirra við dómsuppsögu í málinu.

Gagnsakarkrafan er á því reist, að um ólögmæta uppsögn úr starfi hafi verið að ræða, og því eigi gagnstefnandi bótarétt á hendur aðalstefnanda. Fyrir liggir í málinu skriflegur ráðningarsamningur milli aðila, þar sem kveðið sé á um full sex mánaða biðlaun og allt að þriggja mánaða vinnuskyldu, kæmi ekki til endurráðningar gagnstefnanda að loknu kjörtímabili þáver-

andi sveitarstjórnar. Svo hafi farið, og jafnframt hafi gagnstefnandi verið beðinn að rækja starfann eigi lengur en til 24. júlí 1990. Nýr sveitarstjóri hefði síðan tekið við starfi hans næsta dag og gagnstefnanda því verið fyrir- munað að vinna lengur en raun ber vitni. Verði því engin réttaráhrif bundin við þau starfslok hans. Með því að aðalstefnandi hafi á hinn bóginn eigi greitt umsamin laun þá fjóra mánuði, sem eftir voru af uppsagnartímanum, þ. e. frá ágústbyrjun til nóvemberloka 1990, hafi hann brotið gegn ákvæð- um gildandi ráðningarsamnings og svipt gagnstefnanda launum í fjóra mán- uði. Breyti engu um þá niðurstöðu, þótt til hafi staðið að breyta ráðningar- samningi aðila og semja um styttri biðlaunatíma, enda hafi slíkt aldrei verið gert. Fyrirhuguð breyting á samningnum hafi og verið háð því skilyrði af hálfu gagnstefnanda, að honum yrði bætt eftir öðrum leiðum sú kjararýrn- un, sem slík stytting á biðlaunagreiðslum hefði í för með sér. Um þetta hvort tveggja hafi átt að fjalla í nýjum ráðningarsamningi, sem viðurkennt sé, að gera átti milli aðila. Af ástæðum, sem gagnstefnanda séu ókunnar, hefði hins vegar aldrei orðið af slíku. Ráðningarsamningurinn, þar á meðal 1. gr. hans, hafi því gilt áfram óbreytt. Sönnunarbyrði um hið gagnstæða hvíli á aðalstefnanda. Því beri gagnstefnanda full sex mánaða laun í upp- sagnarfresti. Ógreidd séu laun fyrir tímabilið ágúst til nóvember, en sam- kvæmt útreikningum gagnstefnanda, sem aðalstefnandi hafi ekki séð ástæðu til að mótmæla tölulega fyrr en við munnlegan flutning málsins, myndu þau laun hafa numið samtals 1.049.042 krónum, sbr. fylgiskjal með dómskjali nr. 42 í málinu.

Forsendur og niðurstaða.

A. Aðalsök.

Samkvæmt því, sem áður er rakið, og í samræmi við ákvæði VII. kafla sveitarstjórnarlaga var gagnstefnandi í starfi sínu sem framkvæmdastjóri aðalstefnanda prókúruhafi sveitarsjóðs og æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Stöðu sinnar vegna bar gagnstefnandi því ábyrgð á, að laun sín og launatengd gjöld, þar á meðal orlof og lífeyrissjóðsiðgjöld, væru rétt reiknuð á grundvelli kjarasamnings þess, sem laun hans tóku mið af, og með hliðsjón af reglum þess lífeyrissjóðs, sem hann átti aðild að. Eru nánari fyrirmæli um þetta í niðurlagsákvæði 4. gr. ráðningarsamnings aðila á dóm- skjali nr. 3. Viðurkennt er, að misbrestur varð á útreikningi launanna og að gagnstefnandi ýmist ofreiknaði sér laun (122.931 krónu) eða dró ekki af þeim launatengd gjöld (180.030 krónur), hvort tveggja aðalstefnanda til fjártjóns, en ágreiningslaust er, að hann hafi staðið lögmælt skil á lífeyris- sjóðsiðgjöldunum. Höfuðstólskröfu stefnanda í aðalsök er því ekki mótmælt tölulega og eigi heldur þeim útreikningum, sem liggja henni að baki.

Þá er réttmæti lífeyrissjóðskröfunnar viðurkennt og greiðsluskylda gagnstefnanda.

Frá því er greint í V. kafla málavaxtalýsingar, að ágreiningur um launuppgjör gagnstefnanda hafi risið, fljótlega eftir að hann lét af störfum sveitarstjóra 24. júlí 1990. Hins vegar hafi ekki verið ráðist í að endurreikna launin og krefja hann formlega um réttmætan mismun fyrir en 30. desember 1992. Voru þá liðin rúmlega tvö ár og fimm mánuðir, frá því að hann lét af störfum. Þótt fallast megi á, að aðalstefnandi hafi sýnt nokkurt skeytingarleysi um gæslu þess endurkröfuréttar, sem hann taldi sig eiga á hendur gagnstefnanda þegar haustið 1990, er viðurkennt, að ágreiningur var þá risinn um launaútreikning gagnstefnanda, og reyndu lögmenn aðila oft að ná sáttum, áður en til málshöfðunar kom. Gagnstefnanda gat því frá upphafi ekki dulist, hver grundvöllur kröfu aðalstefnanda væri, en hann mátti rekja til mistaka af hálfu gagnstefnanda sjálfs. Hefði væntanlega mátt leiðrétta þau mistök strax, ef ekki hefði komið til annar og djúpstæðari ágreiningur um biðlaunaákvæði ráðningarsamnings aðila í milli. Í ljósi þessa verður ekki fallist á, að krafa aðalstefnanda sé niður fallin sökum tómlætis.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka stefnuköfur í aðalsök til greina að fullu og dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda 302.961 krónu. Skal fjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga í samræmi við kröfur aðalstefnanda, eins og nánar segir í dómsorði.

B. Gagnsök.

Af gögnum málsins verður ráðið, að almenn óánægja hafi verið innan sveitarstjórnar aðalstefnanda með störf gagnstefnanda að bókhaldsmálum, svo mikil, að upp úr sauð á fundi sveitarstjórnar 31. desember 1989. Ásakarnir hafa þó gengið á báða bóga um ætlaða bókhaldsóreiðu, en um þær ávirðingar nýtur ekki framburðar eða skýrslna óhlutdrægra aðila, nema vera skyldi bréf Guðmundar Hannessonar, löggilts endurskoðanda aðalstefnanda, á dómskjali nr. 58, en hann tók við því starfi snemma árs 1990. Er þar hvergi kastað rýrð á störf gagnstefnanda eða annarra, þótt fundið sé að ýmsu í fjárreiðum og bókhaldi aðalstefnanda.

Engu að síður er ljóst, að á greindum fundi stóð vilji sveitarstjórnarmanna til að breyta biðlaunaákvæði 1. gr. ráðningarsamnings aðila og skerða þannig launakjör gagnstefnanda með þeim hætti, sem áður er rakinn. Við mat á því, hvort umrædd breyting hafi náð fram að ganga og orðið bindandi aðila í milli, verður að líta til framburðar aðila fyrir dómi og fram lagðrar fundargerðar á dómskjali nr. 47. Samkvæmt henni hlaut tillaga að slíkri breytingu formlegt samþykki meiri hluta sveitarstjórnar, en bókun þar að lútandi var síðan staðfest athugasemdalaust og án nokkurs fyrirvara

af hálfu gagnstefnanda í fundarlok. Hefði þó verið rík ástæða til að færa til bókar fyrirvara eða andmæli, ef einhver hefðu verið, þegar litið er til alls aðdraganda að því, að breytingartillagan var borin upp, og þess, að gagnstefnandi lýsti sig reiðubúinn á svokölluðum hliðarfundi til að endurskoða viðkomandi samningsákvæði. Er hann einn til frásagnar um, að honum hafi þá verið lofaðar aðrar kjarabætur í staðinn, en hverjar þær hefðu átt að vera, hefur gagnstefnandi ekki getað sýnt fram á né heldur gert sennilegt hér fyrir dómi. Að þessu öllu virtu og að teknu tilliti til framburðar Helgu Jónsdóttur, sem fyrr er rakinn, telur dómurinn sannað, að biðlaunaákvæði 1. gr. ráðningarsamnings aðila hafi verið skert með þeim hætti, sem aðalstefnandi heldur fram, en sönnunarbyrði fyrir því, að breytingin hafi verið skilyrðum háð, hvílir á gagnstefnanda. Sú sönnun hefur ekki tekist. Samkvæmt því báru gagnstefnanda laun frá aðalstefnanda til 8. september 1990 í samræmi við 3. og 4. gr. ráðningarsamningsins. Af dómskjöllum nr. 34–35, sbr. og dómskjal nr. 49, sem ekki hefur verið tölulega mótmælt af hálfu gagnstefnanda, verður ekki annað ráðið en gagnstefnandi hafi fengið þau laun greidd að fullu. Ber því að sýkna aðalstefnanda af frekari launakröfum gagnstefnanda sem og öðrum kröfum hans í málinu.

Með vísan til fyrri málsliðar 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála þykir rétt, eins og horfir í máli þessu, að aðilar beri hvor sinn kostnað af rekstri þess.

D ó m s o r ð:

Gagnstefnandi, Arnar Grétar Pálsson, greiði aðalstefnanda, Tálkna-fjarðarhreppi, 302.961 krónu með dráttarvöxtum af 7.200 kr. frá 1. 12. 1988 til 1. 1. 1989, af 14.400 kr. frá þ. d. til 1. 2. 1989, af 24.630 kr. frá þ. d. til 1. 3. 1989, af 32.284 kr. frá þ. d. til 1. 4. 1989, af 40.062 kr. frá þ. d. til 1. 5. 1989, af 50.105 kr. frá þ. d. til 1. 6. 1989, af 58.836 kr. frá þ. d. til 1. 7. 1989, af 65.817 kr. frá þ. d. til 1. 8. 1989, af 70.723 kr. frá þ. d. til 1. 9. 1989, af 78.183 kr. frá þ. d. til 1. 10. 1989, af 83.857 kr. frá þ. d. til 1. 11. 1989, af 100.836 kr. frá þ. d. til 1. 12. 1989, af 119.858 kr. frá þ. d. til 1. 1. 1990, af 142.053 kr. frá þ. d. til 1. 2. 1990, af 157.410 kr. frá þ. d. til 1. 3. 1990, af 172.254 kr. frá þ. d. til 1. 4. 1990, af 187.394 kr. frá þ. d. til 1. 5. 1990, af 202.534 kr. frá þ. d. til 1. 6. 1990, af 217.674 kr. frá þ. d. til 1. 7. 1990, af 346.766 kr. frá þ. d. til 1. 8. 1990, af 504.343 kr. frá þ. d. til 1. 9. 1990, af 337.531 kr. frá þ. d. til 1. 10. 1990, af 315.163 kr. frá þ. d. til 1. 11. 1990, af 317.142 kr. frá þ. d. til 1. 1. 1991, af 301.952 kr. frá þ. d. til 1. 2. 1991 og af 302.961

kr. frá þ. d. til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. 12. 1989.

Aðalstefnandi er sýkn af kröfum gagnstefnanda í málinu.

Málkostnaður fellur niður.
